

## SKILMÁLAR

**ÞESSIR SKILMÁLAR GILDA UM VEFSÍÐUNA [WWW.PIZZAHUT.IS](http://WWW.PIZZAHUT.IS) (“VEFSÍÐAN”). LESIÐ ÞESSA YFIRLÝSINGU GAUMGÆFILEGA. EF ÞÚ VILT EKKI VERA BUNDIN(N) AF ÞESSUM SKILMÁLUM, SKALTU EKKI FARA INN Á SÍÐUNA. EF ÞÚ FERÐ INN Á VEFSÍÐUNA TELST ÞAÐ SAMÞYKKI ÞITT Á SKILMÁLUM ÞESSUM.**

### ALMENNT

Á þessari vefsíðu eru mörg verðmæt vörumerki í eigu og notkun Yum! III (UK) Limited (“Pizza Hut og PHut ehf.” og “Við, okkur, okkar”) og dótturfélaga og hlutdeildarféлага víða um heim til að auðkenna gæðavörur sínar og þjónustu. Þessi vörumerki og tengdur hugverkaréttur njóta verndar gegn afritun og eftirlíkingu samkvæmt landslögum og alþjóðlegum lögum og þau má ekki endurskapa eða afrita án skriflegs leyfis Pizza Hut og PHut ehf.

Pizza Hut og PHut ehf. kappkosta að tryggja að upplýsingar á þessari vefsíðu séu nákvæmar og áreiðanlegar. En Pizza Hut og PHut ehf. og veraldarvefurinn (eða hýsandi vefsíður) eru ekki óskekul og villur geta komið upp stöku sinnum. Viðskiptavinir eru hvattir til að sannreyna allar upplýsingar á þessari vefsíðu áður en eftir þeim er farið. Að því marki sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum neita Pizza Hut og PHut ehf. allri ábyrgð eða framsetningu hvort sem það er skýrt eða óskýrt varðandi hvaðeina sem tengist þessari vefsíðu, þar á meðal án takmarkana á tiltækni síðunnar. Pizza Hut og PHut ehf. geta öðru hverju breytt upplýsingum, þjónustu og úrræðum sem á síðunni eru og áskilja sér rétt til slíkra breytinga án skuldbindingar um að tilkynna það, núverandi eða fyrirhuguðum gestum. Í engum tilvikum bera Pizza Hut og PHut ehf. ábyrgð á óbeinu, sértæku, tilviljanakenndu eða afleiddu tjóni sem verður vegna notkunar á upplýsingum sem hér eru.

Með því að opna þessa vefsíðu, staðfestir þú og samþykkir að notkun hennar er á þína eigin ábyrgð og að því marki sem lög heimila erum við undir engum kringumstæðum, þar á meðal (en takmarkast ekki við) vanrækslu, ábyrg fyrir beinu, óbeinu, tilviljanakenndu, sértæku, afleiddu eða refsiverðu tjóni, tapi, kostnaði eða útgjöldum og ekki heldur ábyrg fyrir tekjutapi sem verður vegna notkunar eða ófærni um að nota þessa vefsíðu eða efni á einhverri síðu sem er tengt þessari vefsíðu (þar á meðal en takmarkast ekki við veirur eða aðrar villur eða galla eða bilanir í tölvusendingum eða netsamskiptum) jafnvel þó okkur hafi verið bent á möguleika á slíku tjóni. Að auki berum við enga ábyrgð varðandi breytingar á efni síðunnar af hálfu þriðju aðila án heimildar. Allar skýrar eða óbeinar ábyrgðir eða fyrrisvar er undanskilið að því marki sem lög heimila.

Vörur sem eru sýndar eða veittar á þessari síðu eru eins og þær koma fyrir og háðar tiltækni og Pizza Hut og PHut ehf. undanskilur sérstaklega alla ábyrgð, skilmála, framsetningu eða önnur ákvæði að því er varðar þessa vefsíðu eða efni eða vörur sem sýnd eru á henni, hvort sem það er beint eða óbeint, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Myndir af vörum á síðunni eru eingöngu til skreytingar og raunverulegar vörur sem þú færð, kunna að vera öðruvísi en sýndar myndir.

Allur sóttur hugbúnaður er á þína ábyrgð. Ef þú ert í vafa um hæfi hugbúnaðar til niðurrhals á tölvuna þína er mælt með að ráðgast við sérfræðing áður en hugbúnaðurinn er sóttur.

Þessi yfirlýsing hefur engin áhrif á lögboðin rétt þinn og þessi málsgrein gildir heldur ekki um ábyrgð Pizza Hut og PHut ehf. á vörum sem seldar eru gegnum vefsíðuna (Sjá nánar í Vöruskilmálum okkar).

Vefsíðan kann að tengja á síður sem eru ekki á vegum Pizza Hut og PHut ehf. og tengjist þeim ekki. Tenglar eru þjónusta við notendur og eru ekki styrktir af þessari vefsíðu eða tengdir henni eða Pizza Hut og PHut ehf. Pizza Hut og PHut ehf. hafa ekki skoðað allar vefsíður sem tengt er á af þessari síðu eða tengjast henni og bera enga ábyrgð á efni annarra síða. Aðgangur gegnum tengla er á ábyrgð notandans og Pizza Hut og PHut ehf. bera enga ábyrgð á efni, framsetningu, ítarleika eða nákvæmni þessara tengla eða síða sem eru tengdir við þessa vefsíðu. Enn fremur styðja Pizza Hut og PHut ehf. ekki síður þriðju aðila sem eru tengdar þessari vefsíðu. Pizza Hut og PHut ehf. bera heldur ekki ábyrgð á efni auglýsinga þriðju aðila eða styrk sem kann að birtast á vefsíðunni og heldur ekki fylgni þeirra við lög og reglugerðir.

Vefsíðan kann einnig að innihalda vísanir á önnur fyrirtæki, vörumerki og vöruheiti. Þessi fyrirtæki, vörumerki og vöruheiti eru hér notuð eingöngu til auðkenningar og geta verið vörumerki eigenda sinna. Myndir af fólki eða stöðum sem sýndar eru, form, skipan og sýndar myndskreytingar á vefsíðunni eru annað hvort eign Pizza Hut og PHut ehf. eða notaðar með leyfi Pizza Hut og PHut ehf.. Vera kann að Pizza Hut og PHut ehf. séu styrkt eða tengd eigendum hins fyrirtækisins, vörumerkisins eða vöruheitis sem birtist á vefsíðunni, en svo þarf ekki endilega að vera og Pizza Hut og PHut ehf. gerir enga fyrirvara varðandi þau, eigendur þeirra, vörur eða þjónustu. Notkun þín á þessum merkjum, nöfnum og vörumerkjum gæti talist brot á rétti eigenda þeirra.

Myndir, hnappar og textar á þessari vefsíðu (og útlit síðunnar) eru einkaeign Pizza Hut og PHut ehf. og óheimilt er að afrita, deila, endurvinnna eða senda þau með neinum hætti eða neinum leiðum, rafrænum, vélrænum, ljósritun, upptöku eða öðrum hætti, án skriflegrar heimildar Pizza Hut og PHut ehf.. nema um persónulega notkun sé að ræða. Efni, uppsetning og útlit vefsíðunnar, þar á meðal en takmarkast ekki við, vörumerki, þjónustumerki, hönnun umbúða, texta og efni, eru varin höfundarrétti og varin gegn afritun, eftirhermun, miðlun eða eftirlíkingu samkvæmt landslögum og alþjóðlegum lögum og þau má ekki endurskapa, senda, sýna, miðla eða dreifa án skýrrar skriflegrar heimildar Pizza Hut og PHut ehf.

Öll óheimil notkun á efni, skipan, röðun, uppsetningu eða hönnun vefsíðunnar eða vörumerki, þjónustumerki eða vöruútlit á síðunni kann að vera brot á einkamála lögum eða hegningarlögum, þar á meðal en takmarkast ekki við lög um höfundarrétt, lög um vörumerki, lög um friðhelgi og birtingar og reglugerðir og lög um fjarskipti.

Með heimsókn á síðuna öðlast notandinn engan rétt, með óbeinum eða öðrum hætti, leyfi eða rétt til að nota eða afrita efni eða upplýsingar á vefsíðunni.

Ef þú ákveður að skrá þig á þessari vefsíðu þarftu að búa til aðgangsorð. Gættu þess að upplýsa engan um þetta aðgangsorð og haltu því leyndu. Ef þú telur að einhver annar viti aðgangsorð þitt, skaltu hafa samband við þjónustuteymi okkar í síma +354 5151619. Pizza Hut og PHut ehf. áskilja sér rétt til að rifta skráningu þinni ef þú brýtur gegn þessum skilmálum.

Ef réttur, dómstóll eða annar vettvangur bærrar lögsögu úrskurðar að einhver hluti þessara ákvæða og skilmála sé ógildur eða með öðrum hætti ófullnustuhæfur, ógildir það ekki önnur ákvæði og skilmála. Þessir skilmálar teljast breyttir með breytingum eða úrfellingu á viðkomandi hluta til að þeir verði gildir, lögmætir og fullnustuhæfir en haldi um leið ásetningi sínum. Ef það er ekki hægt, er þá sett í staðinn annað ákvæði sem er gilt, lögmætt og fullnustuhæft sem endurspeglar jafngildan ásetning aðilanna. Sérhver slíkur hluti sem er ófullnustuhæfur eða ógildur skal aðskilinn frá þessum skilmálum, eða hafa ekki áhrif á gildi hlutar eða hluta í öllum öðrum lögsagnarumdæmum.

Þér er óheimilt að framselja, framleigja eða með öðrum hætti framselja réttindi þín samkvæmt þessum skilmálum.

Íslensk lög gilda um þessa skilmála og þú samþykkir að íslenskir dómstólar hafi einir lögsögu í ágreiningi. Þessi vefsíða er eingöngu fyrir þau sem nota hana á Íslandi. Vörur á þessari vefsíðu eru einungis tiltækar fyrir íbúa (eða fyrirtæki) á Íslandi. Við staðhæfum ekkert um að efni á þessari síðu eigi við fyrir annað lögsagnarumdæmi.

## VÖRUSKILMÁLAR

Í þessum vöruskilmálum ("Skilmálar") skulu eftirfarandi orð hafa þessa merkingu:

**-Viðskiptavinurinn, þú, þér, þig:** merkir þig, viðskiptavininn sem kaupir vörur af Pizza Hut og PHut ehf.;

**-Pizza Hut og PHut ehf, við, okkur, okkar:** merkir Yum! III (UK) eða sérleyfishafa Yum! III (UK) Limited, ef um sérleyfisverslun er að ræða;

**-Vörurnar:** vörur sem Pizza Hut og PHut ehf veitir viðskiptavininum; og

**-Vefsíðan:** vefsíðan [www.pizzahut.is](http://www.pizzahut.is)

### 1. Pöntun og samþykki

1.1 Þessir skilmálar gilda um allar pantanir og samninga um veitingu vara Pizza Hut og PHut ehf til viðskiptavinar. Allar vörupantanir teljast tilboð viðskiptavinar um að kaupa vörurnar í samræmi við þessa skilmála. Allar breytingar á þessum skilmálum verða að vera skriflegar og teljast að öðrum kosti ekki bindandi fyrir aðilana.

1.2 Samþykki vörupantana er alfarið ákvörðun Pizza Hut og PHut ehf. Samþykki okkar á pöntunum á sér stað þegar þú færð skjáskilaboð sem staðfesta að pöntun þín hefur verið móttækin og þá hefur samningur þinn við Pizza Hut og PHut ehf. verið gerður og fram að því er okkur heimilt að hafna því að veita þér vörurnar án þess að gefa upp ástæðu fyrir því.

1.3 Ef þú ert yngri en 12 ára er þér óheimilt að gera pantanir á vefsíðu okkar.

### 2. Verð og greiðslur

2.1 Verð Pizza Hut og PHut ehf. á vefsíðunni eru með virðisaukaskatti og öðrum gildandi álögum nema annað sé tekið fram skriflega.

2.2 Verð varanna er eins og fram kemur á vefsíðunni þegar þú staðfestir pöntun þína (með því að smella á Greiða), einungis með fyrirvara um óviljandi tæknileg mistök sem við berum ekki ábyrgð á. Verð pöntunar verður dregið af reikningi þínum þegar pöntun er gerð. Við áskiljum okkur rétt til að rifta þessum samningi við þig ef við fáum höfnun á greiðslu eða höfum ástæðu til að ætla að greiðslu verði hafnað á einhverju stigi.

2.3 Þú getur greitt með þeim greiðsluaðferðum sem tilgreindar eru á greiðsluskjá okkar. Gættu þess að ef þú pantar með debetkorti eða kreditkorti, að viðkomandi kort sé í fullu gildi daginn sem þú leggur fram pöntun þína.

2.4 Vinsamlegast hafið í huga að verð, lágmarksúttektir og hámarksúttekt reiðufjár er breytilegt. Þar að auki ef þú pantar á netinu getur verðið orðið annað en það hefði orðið ef þú hefðir pantað vörunar í versluninni eða gegnum síma.

### 3. Breytingar á pöntun

Ef þú vilt rifta, breyta eða gera athugasemd við pöntun þína, skaltu hringja í verslun okkar í síma +354 5151619, samkvæmt nánari upplýsingum sem eru í staðfestingarskeytinu sem þú færð við pöntun. Ef þú breytir pöntun þinni verður uppsett verð eins og verðið á breyttu pöntuninni. Ef þú greiddir með kreditkorti þarf að greiða mismuninn sérstaklega í verslun okkar eða fá aðstoð þjónustuteymis okkar en þú getur haft samband við það hér. Vinsamlegast hafið í huga að tilboð eru aðeins fánleg í afmarkaðan tíma og breytingar á pöntun geta þýtt að tilboðið er ekki lengur tiltækt.

### 4. Afhending

4.1 Markmið okkar er að veita þér pantaðar vörur eins nálægt umbeðnum afhendingartíma/sóknartíma og mögulegt er.

4.2 Viðskiptavinurinn samþykkir að taka á móti vörunum á umsömdum tíma og afhendingarstað.

4.3 Afgreiðsla stórra pantana er háð ákvörðun viðkomandi verslunar hverju sinni. Ef þú vilt gera stóra pöntun er mælt með því að þú hringir í verslunina með góðum fyrirvara.

4.4 Ef þú hefur óskað eftir sendingu á vörunum, afhendir Pizza Hut og PHut ehf. pöntunina við aðaldyr afhendingarstaðar en verður ekki borin inn í húsið nema þú og ökumaðurinn fallist á það. Ef þú ert ekki til staðar til að taka á móti vörunum á þeim stað sem tilgreindur er í pöntun þinni, endurgreiðum við ekki verð pöntunar og gjaldfærum fullt verð hennar.

4.5 Vörur eru með fyrirvara um tiltækni. Ef vörunar eru ekki tiltækar getum við boðið þér aðra vöru á sama verði og með sömu gæðum eða hringt í þig til að láta þig vita að pantaðar vörur séu ekki tiltækar og spyrja þig hvort þú viljir panta eitthvað annað. Þetta kann að hafa áhrif á verðið sem þú greiðir.

### 5. Framsal eignar

5.1 Vöruáhætta færir yfir á viðskiptavininn við afhendingu.

5.2 Viðskiptavinurinn staðfestir að allur hugverkaréttur í vörunni tilheyrir og haldi áfram að tilheyra Pizza Hut og PHut ehf. og viðskiptavinurinn samþykkir að hann muni ekki brjóta í bága við neinn hugverkarétt Pizza Hut og PHut ehf.

### 6. Munnlegar yfirlýsingar

Viðskiptavinurinn samþykkir að komi til ágreinings skuli skriflegar upplýsingar um vöruna sem Pizza Hut og PHut ehf. veitir gangi framur öllum munnlegum yfirlýsingum Pizza Hut og PHut ehf. eða starfsmönnum eða umboðsaðilum Pizza Hut og PHut ehf. Pizza Hut og PHut ehf skulu kappkosta að tryggja að skriflegar upplýsingar þeirra um vörunar séu nákvæmar.

### 7. Kynningar

Öðru hverju kann að verða sérstakt tilboð á vörum okkar. Öll sértíloboð eru með fyrirvara um þessa skilmála sem ráða ef ósamræmi er á milli ákvæða sértíloboðanna og þessara skilmála. Við getum

breytt ákvæðum sértilboða eða dregið þau til baka ef við ákveðum það en allar pantanir viðskiptavina sem gerðar eru áður en tilboð er dregið til baka, verða virtar en með fyrirvara um tæknilegar villur. Öll verð eru gild á kynningartímabilinu, eru með fyrirvara um breytingar eða afturköllun og gilda ekki með öðrum tilboðum nema annað sé tekið fram.

## 8. Takmörkun ábyrgðar

8.1 Að því fyllsta marki sem lög heimila undanskilja Pizza Hut og PHut ehf. alla ábyrgð sem verður til vegna veitingar varanna og bera sérstaklega enga ábyrgð á tjóni eða skaða sem verður beint eða óbeint eða í tengslum við töf fram yfir áætlaðan tíma eða dagsetningu afhendingar; neinum aðstæðum þar sem Pizza Hut og PHut ehf. ráða engu um afleiðingar og sem Pizza Hut og PHut ehf. gátu ekki hjá komist með skynsamlegri aðgát, eða beinu eða óbeinu tjóni sem viðskiptavinur eða aðrir verða fyrir eða valda.

8.2 Í öllum tilvikum mun bótaábyrgð Pizza Hut og PHut ehf. gagnvart viðskiptavininum ekki nema meira en heildarverðmæti viðkomandi hluta.

8.3 Ekkert í þessum skilmálum hefur áhrif á rétt viðskiptarvinnarins samkvæmt lögum.

8.4 Tiltekin hráefni, þar á meðal en takmarkast ekki við Jalapeno-pipar sem eru í boði hjá Pizza Hut og PHut ehf., eru bragðsterk og mælt er með því að neyta þeirra með varfærni. Einkum er Jalapeno-piparinn afar bragðsterkur. Að því fyllsta marki sem lög heimila bera Pizza Hut og PHut ehf. enga ábyrgð á afleiðingum sem þú eða aðrir kunna að verða fyrir, beint eða óbeint, vegna neyslu á þessum hráefnum eða á vörum sem innihalda þessi hráefni.

## 9. Lög

Íslensk lög gilda um alla samning sem þessir skilmálar eiga við um (og þessir skilmálar) og skal túlka þá samkvæmt íslenskum lögum og Pizza Hut og PHut ehf. og viðskiptavinurinn lúta almennri lögsögu íslenskra dómstóla.

## FRIDHELGISTEFNA

Friðhelgi þín skiptir miklu máli fyrir Pizza Hut og PHut ehf. Við viljum að þú finnr að persónulegar upplýsingar þínar eru öruggar og því höfum við mótað friðhelgistefnu fyrir vefsíðu okkar sem felur í sér öll réttindi þín samkvæmt lögum um gagnavernd frá 2001. Við vonum að eftirfarandi stefna hjálpi þér að skilja hvernig við skráum, notum og verjum persónuupplýsingar þær sem þú lætur okkur í té á vefsíðu okkar.

Í þessari stefnu þýðir “við, okkur” og “okkar” Pizza Hut og PHut ehf. ásamt dótturfélögum og ber að túlka samkvæmt því. Við mælum með að þú lesir stefnuna gaumgæfilega.

1. Við tökum ekki við neinum persónuupplýsingum sem auðkenna þig sem einstakling öðrum en þeim sem þú kýst að veita. Við skráum aðeins upplýsingar, sem við teljum viðeigandi fyrir rekstur okkar, í markaðsskyni og til að fylgjast með umbótum á vörum okkar. Stundum förum við þess á leit að þú veitir okkur persónuupplýsingar, svo sem netfang og póstfang, vegna samskipta við okkur, skráningu á vefsíðu, kaup á vöru eða þátttöku í netkönnun eða keppni.

2. Við skráum og notum persónuupplýsingar til að senda þér markaðsupplýsingar um vörur okkar, kynningar og tilboð sem þú kynnir að hafa áhuga á, veita þér upplýsingar sem þú óskar eftir, bregðast við endurgjöf þinni á vefsíðum okkar, gera þér kleift að taka þátt í netkönnunum okkar og keppnum og almennt til að geta átt samskipti við þig eftir að hafa fengið beiðni frá þér.

3. Við skráum, notum og varðveitum persónuupplýsingar sem þú veitir okkur, eingöngu í þeim tilgangi sem þessi stefna gefur til kynna og eins og lýst er á vefsíðu okkar og í fullu samræmi við lög um gagnavernd.
4. Ef þú skoðar vefsíðu okkar, gerir þú það nafnlaust; við skráum ekki persónuupplýsingar, svo sem netfangið þitt. Við skráum IP töluna þína (netsetur tölvunnar þinnar) og við notum tækni til að gefa okkur hugmynd um hvaða hluta vefsíðunnar þú heimsækir og hve lengi þú staldrar við. Netvafrinn þinn veitir okkur þessar upplýsingar með sjálfvirkum hætti.
5. Í sumum samskiptum okkar við viðskiptavinum notum við svonefnda smellislóð. Þegar smellt er á slíka slóð ferðu gegnum kerfið okkar áður en þú kemur á vefsíðuna sem þú vilt fara á. Við notum smelli til að ákvarða áhuga á tilteknum eignum og til að mæla skilvirkni samskipta okkar. Við deilum þessum gögnum ekki með neinum og reynum ekki að para smelli við tiltekin netföng.
6. Við sendum ekki óumbeðinn póst, skilaboð eða ruslpóst. Viðskiptavinir hafa rétt á að óska eftir að fá ekki beint markaðsefni með því að skrifa okkur bréf á netfangið fyrir neðan.
7. Við veitum þriðju aðilum engar upplýsingar þínar nema okkur sé það skylt lögum samkvæmt eða með sérstakri heimild þinni.
8. Markaðsrannsókn á grundvelli upplýsinga viðskiptavina er eingöngu gerð til þess að við getum skilið þarfir viðskiptavina okkar og viðskiptahneigðir og til að þróa og bæta vörurnar okkar.
9. Við getum gert þjónustusamninga við þriðju aðila. Til þess þurfum við að veita þeim nauðsynlegar persónuupplýsingar. Þessum fyrirtækjum er gert skylt að virða öll ákvæði laga við meðferð persónuupplýsinga þinna við veitingu þjónustunnar.
10. Þriðju aðilar með heimild, þar á meðal utanaðkomandi þjónustuveitendur, með heimilaðan aðgang að upplýsingum þínum, þurfa sérstaklega að gera öryggisráðstafanir varðandi tækni og skipulag eins og þurfa þykir til að koma í veg fyrir að persónuupplýsingar verði meðhöndlaðar vegna óheimillar eða óviljandi birtingar, tjóns eða skemmda og vegna hvers konar ólögmetrar vinnslu.
11. Kappkostað er að uppfæra upplýsingar viðskiptavina. Þú hjálpar okkur við það með því að tilkynna okkur tafarlaust um breytingar á persónuupplýsingum þínum með tölvuskeyti eða senda okkur póst á neðangreind heimilisföng.
12. Þú getur sent okkur bréf á þessi heimilisföng ef þú vilt vita hvaða persónuupplýsingar þínar við varðveitum.
13. Við gerum okkar besta við að fjárfesta í nýjustu fánlegu öryggis tækni og viðhalda ströngum öryggisreglum sem gerðar eru til að koma í veg fyrir óheimilan aðgang að upplýsingum þínum. Það gildir einnig um starfsfólk okkar.
14. Allt starfsfólk okkar gerir sér grein fyrir ábyrgð sinni að virða trúnað við viðskiptavinum og hlíta öryggisreglum okkar varðandi upplýsingar.
15. Tenglar okkar sem vísa á vefsíður þriðju aðila eru greinilega merktir og við berum á engan hátt ábyrgð á efni slíkra vefsíðna. Við mælum með því að notendur kynni sér friðhelgistefnu þessara síðna.
16. Með því að nota þessa vefsíðu, samþykkir þú friðhelgistefnu okkar. Ef þú ert ekki sammála þessari stefnu skaltu ekki nota vefsíðuna.

17. Við áskiljum okkur allan rétt til að breyta, lagfæra, bæta við og/eða fjarlægja hluta af þessari stefnu hvenær sem er. Áframhaldandi aðgengi þitt og notkun á vefsíðunni merkir að þú samþykkir allar breytingar.

18. Ritstjóri síðunnar er PHut e.h.f., Garðahrauni 2, 210 Garðabæ Íslandi  
netfang: [Pizzahut@pizzahut.is](mailto:Pizzahut@pizzahut.is)

## **HÖFUNDARRÉTTUR OG RITSTJÓRN**

Nafn Pizza Hut, merki og aðrar merkingar eru vörumerki í eigu eða notuð með leyfi Pizza Hut International LLC. Takk fyrir að heimsækja vefsíðuna okkar.

Þessi síða er í eigu og rekin af PHut ehf. skráðu fyrirtæki á Íslandi með aðsetur að Garðahrauni 2, 210 Garðabæ, Ísland. Fyrirtækisnúmer: 6511141520. VSK númer: 119834. Sími: +354 5151619